

anda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 15 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins fyrir undirréttinum hefir verið óaðfinnanlegur, og sókn og vörn fyrir yfirdómi lögmæt.

#### Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Kærði, Indriði Gottsveinsson, greiði 200 kr. sekt í landssjóð, og allan kostnað málsins, bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Lárusar Fjeldsted, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 11. ágústmán.

Nr. 3/1913.

Thor Jensen kaupmaður  
gegn

Árna presti Þórarinssyni.

#### D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í héraði Thor Jensen kaupmaður í Reykjavík gegn stefnda Árna presti Þórarinssyni á Stóra-Hrauni í Hnappadalssýslu, til þess að fá hann dæmdan

til að greiða sér álag, að upphæð 1899 kr., á jörðina Ytri-Rauðamel, er ákveðið var með yfirúttekt 28. ágúst 1907, en áfryjandi hafði fengið kröfu þessa framselda sér 29. febr. 1908. Var málið dæmt í gestarétti Reykjavíkur 16. nóv. 1912 þannig, að stefndi var sýknaður af kröfum áfryjanda í málinu og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 14. jan. þ. á., og krafist þess, að að dómurinn verði úr gildi feldur og stefndi dæmdur til að greiða sér 1899 kr. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 19. ágúst 1911 til borgunardags, eða til vara, 1010 kr. með sömu vöxtum, og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfryjandi, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir undir- og yfirdómi eftir mati réttarins.

Vorið 1900 fór eigandi og ábúandi jarðarinnar Ytra-Rauðamels alfarinn til Vesturheims frá greindri jörðu óráðstafaðri, en bú hans var tekið til skifta sem þrotabú. Tók þá skiftaráðandi jörðina undir umsjón sína og fekk á hana mann til að hirða hana það fardagaár, en í fardögum 1901 flutti stefndi á hana með samþykki skiftaráðanda og hafði hirðingu hennar fyrir búið til 5. okt. s. á., er Jón konsúll Vídalín keypti jörðina á uppboði í því ástandi, er hún var þá í að húsum og mannvirkjum, og fekk stefndi þá byggingu á jörðinni hjá hinum nýja eiganda til eins árs í senn. lét stefndi þá 5. nóv. s. á. fara fram úttekt á jörðinni í sínar hendur, og telur sig hafa komið þar fram í umboði Vídalíns, enda hafa haft umboð Vídalíns yfir þessari og annari jörð hans þar vestra. Var álag þá metið á jörðina 2784 kr., en stefndi kvaðst

aldrei hafa fengið það álag borgað af landsdrottni, þótt hann gengi eftir því, og hafi hann um síðir látið sér það lynda, með því að Vidalin hafi lofað honum að hann skyldi fyrir það ekki þurfa að greiða álag á jörðina, er hann færi af henni aftur. Stefndi bjó á jörðinni til far-  
daga 1907. Þá kom nýr leiguliði á jörðina, og var hún tekin út í hans hendur 11. júlí 1907, og álag ákveðið á hana 1025 kr. eða, að frádregnu verði skúrs, er stefndi taldist eiga á henni, 1010 kr. En stefndi kveðst ekki hafa skift sér neitt af þessari úttekt og talió hana sér óviðkomandi, með því að honum hafi ekkert álag borið að greiða samkvæmt áðurgreindu loforði landsdrottins. En viðtakandi gjörði sig ekki ánægðan með úttekt þessa og krafðist yfirúttektar, og fór hún fram 28. ágúst s. á., og var þá álagið, að frádregnum fyrnefndum skúr, metið 1899 kr., og er þetta aðalkrafa áfrýjanda, en hann fekk álagsskröfu þessa framselda sér árið eftir, sem fyr er sagt, að Vidalin látnum, af erfingjum hans.

Stefndi hefir haldið því fram, að yfirúttektargjörðin 28. ágúst 1907, sem aðalkrafa áfrýjanda er byggð á, geti þegar af þeirri ástæðu eigi metist gild, yfir höfuð eða sérstaklega gagnvart sér, að yfirúttektarinnar hafi eigi verið krafist af viðtakanda í tæka tíð samkvæmt 34. gr. laga, 12. jan. 1884, og að í öðru lagi hafi hann (stefndi) sem fráfarandi alls eigi samkvæmt ákvæði 30. gr. sömu laga, verið boðaður til þess að vera viðstaddur gjörðina. Á hvorugt þetta verður þó fallist. Samkvæmt vottun sýslumanns, sem telja verður næga sönnun í því tilliti, kom beiðnin um yfirúttektina til sýslumanns 25. júlí 1907, og þannig innan hálf mánaðar frá því er fyrri úttektin fór fram, en það er eins og tilvitnuð lagagrein tilskilur. Og

að því er síðara atriðið snertir, þá hafa yfirúttektarmennirnir samkvæmt staðfestu eftirriti af yfirúttektargerðinni, sem fram hefir verið lagt, bókað það við gjörðina, að stefndi hafi verið aðvaraður, og þar sem þeirri vottun þeirra er ekki hnekt að neinu leyti, en yfirúttektarmönnum eins og úttektarmönnum, samkv. 34. gr. sbr. við 30. gr. ábúðarlaganna 12. jan. 1884, er falið að annast um, að hlutaðeigendum sé gert viðvart um, nær úttekt eigi fram að fara, og ekki fyrirskipað neitt ákveðið form fyrir þeirri viðvörun, þá verður vottun yfirúttektarmanna um, að þeir hafi fullnægt þessari skyldu sinni, að takast trúanleg, og mótmæli stefnda í þessu efni verða því eigi tekin til greina.

En þó að yfirúttektargerðin yrði ekki af þeim ástæðum, sem nú hafa verið taldar, álitin ógild eða marklaus í sjálfu sér, hefir stefndi mótmælt fastlega kröfu áfrýjanda á hendur sér samkvæmt henni, af þeim ástæðum, að Vídalín konsúll, þáverandi landsdrottinn hans, hafi, eins og áður er frá skýrt, samþykkt, að stefndi skyldi vera laus við nokkurt álag á jörðina, er hann færi frá henni, fyrir það, að stefndi hafi ekkert álag fengið hjá Vídalín, er hann tók við jörðinni.

Áfrýjandinn hefir neitað því, að Vídalín hafi gefið slíkt samþykki eða loforð, sem nú var greint, en í lögfulu vitni hefir borið það, að Vídalín hafi í júní eða júlímánuði árið 1903 sagt við stefnda í áheyrn þess, að stefndi fengi ekkert álag á Ytri-Rauðamel, en hann þyrfti þá heldur ekki að svara álagi, er hann færi aftur af jörðinni. Frekari sönnun fyrir staðhæfingu sinni um greint samþykki eða loforð hefir stefndi ekki fært, en þegar litið er á það, að það er viðurkennt, að stefndi fekk ekkert

álag á jörðina, er hann kom að henni, að hús á jörðinni voru þá í mjög bágu ástandi, eins og skoðunargerðir úttektarmanna, er þá fóru fram, votta, að álag á jörðina var í fyrgreindri úttektargerð 5. nóv. 1907 jafnvel metið, eins og áður er sagt, 2784 kr., og að það því er í sjálfu sér ósennilegt, að stefndi hefði látið sér lynda, að taka við jörðinni álagslausri, nema eitthvað hefði komið á móti frá landsdrottins hálfu, sem ekki er borið fyrir að hafi verið, þá virðist full ástæða til að heimila stefnda samkvæmt kröfu hans, að bæta fyrteð vitni upp með eiði sínum, þannig, að ef hann vinnur eið að því, að svo hafi samist milli hans og Vídalíns konsúls 1903, að hann skyldi laus við að svara álagi á Ytra-Rauðamel, er hann færi af jörðinni, þá skal hann vera sýkn af kröfu áfrýjanda um álag af greindri jörðu, og fellur þá málskostnaður niður fyrir báðum dómum, en vinni hann eigi eiðinn, skal hann greiða áfrýjanda 1899 krónur með 5% ársvöxtum af upphæð þessari frá 19. ágúst 1911 til borgunardags, og í málskostnað 60 krónur.

#### Því dæmist rétt vera:

Ef stefndi Árni prestur Þórarinsson, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu vinnur eið að því, að svo hafi samist milli hans og Jóns heitins konsúls Vídalíns árið 1903, að stefndi skyldi laus við að svara álagi á jörðina Ytra-Rauðamel, er hann færi af jörðinni, skal hann vera sýkn af kröfu áfrýjanda Thor Jensens kaupmanns um álag af greindri jörðu,

og fellur þá málskostnaður niður. En treysti stefndi sér eigi til að vinna svofeldan eið, greiðir hann áfrýjanda 1899 krónur með 5% ársvöxtum af upphæð þessari frá 19. ágúst 1911 til borgunardags og í málskostnað 60 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 25. ágúst.

Nr. 54/1912.

Kristján Torfason og Finnur  
Finnsson  
gegn

Karli Olgeirssyni fyrir hönd  
Edinborgarverzlunar á Ísafirði  
og Friðriki Tómassyni.

D ó m u r :

Þeir Kristján Torfason kaupmaður á Sólbakka og Finnur Finnsson bóndi í Hvilft, áfrýjendur þessa máls, voru með gestaréttardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 21. okt. f. á., dæmdir til að greiða stefndu, Karli Olgeirssyni fyrir hönd verzlunarinnar Edinborg á Ísafirði og Friðriki Tómassyni útvegsbónda í Hnífsdal, eftirstöðvar af kaupverði fyrir sildarútveg eða tvenna sildarútvegi, kr. 375, með 5% ársvöxtum frá 1. okt. 1910 og kr. 450 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1911, hvorttveggja til greiðsludags, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum